

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1920.

Stefán Kristjánsson.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1920.

S k ó g a r h ö g g :

Í Vaglaskógi var höggvið á árinu:

Eldiviður	549 1/2	hestburðir	
Birgðir f. f. ári	363	"	912 1/2 hestb.
Sældur Efniv. og eldiv.	391	"	
Unnið í efniv. sem er óseldur	10	"	
Eldiviður skógarv.	194	"	
Leyft skógarhögg	118 1/2	"	713 1/2 "
Fyrirliggjandi 31. des.			<u>199</u> hestb.

Af smástaurum, (pilar ca. 0.9 m. að lengd) hafa verið teknir úr viðnum og birktir um 800 stk. Til voru f. f. ári um 1700 stk., sem gerir samtals 2500 stk. Hér af hafa verið seldir um 430 og hafðir í girðingu, sem send var skógræktarstjóra um 1470, sem verða til samans um 1900. En til eru fyrirliggjandi um áramót ca. 600 stk. Af girðingarstærum eru til (birktum og þurkuðum) ~~um~~ um 30 stk.

Klyfberabogaefni, sömuleiðis birkt og þurkuð, eru til 11 stk. Og enn fremur er til nokkuð af öðrum efnivið, birktur og þurkaður og geymdur í húsi.

Af efnivið og röftum hafa verið seldir um 16 hestburðir og 9 klyfberabigar að auki, Kolin sem til voru f. f. ári, eru til enn óseld um 300 kg.

Vinna við að taka efnivið úr því sem höggvið hefir verið og birkja hann, kemur um 120.00 kr., þar með talinn heimflutningur á staurum, bogum og öðrum efnivið, sem ekki hefir verið seldur á árinu, og er þessi kostnaður allur talinn með skógarhögginu.

G r æ ð i r e i t u r :

Afhent var úr reitnum:

Birki	1462	stk.
Reynir	493	-
× Lerki	448	-
Ribs	4	-
Fjallafura	5	+
Alls	<u>2412</u>	stk.

Af þessu var skógræktarstjóra sent: 800 birkiplöntur og 200 reyniviðarplöntur.

Í græðireitnum var í vor plantað út í bæð 3700 birkipl. og 100 reynipl., og sáð um 2 kg. af reyniviðarfræi.

Ý m i s l e g t :

----- í Haust var safnað í skóginum 106 1/4 kg. af birki fræi (fræið var þó ekki fullþ. þegar það var vigtað). Hér af voru skógræktstj. send 50 kg. og seld voru 10 kg.

Sumarið var samilega hagstætt fyrir trjágróðurinn, og blómstraði skógurinn vel í vor og bar allmikið fræ í haust, sem virtist að vera samilega þroskað.

Vöglum 16. jan. 1921.

Stefán Kristjánsson.